

Guðrún E Gunnarsdóttir

From: Eydís Þ. Indriðadóttir
Sent: 18. mars 2019 09:59
To: Guðrún E Gunnarsdóttir
Subject: FW: Upplýsingar um úrgangsmál og meðferð úrgang á Suðurlandi ...
Attachments: Úrgangsmál á Suðurlandi 15 03 2019.pdf; Úrgangsmál á Suðurlandi tafla 15 03 2019.docx

SF_217 tp og viðhengi

From: Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>
Sent: 15. mars 2019 14:13
To: 'aldis@hveragerdi.is'; Anton Kári Halldórsson <anton@hvolsvollur.is>; 'agust@ry.is'; 'sveitarstjori@vik.is'; 'sveitarstjori@klaustur.is'; Eydís Þ. Indriðadóttir <eydis@floahreppur.is>; Ingibjörg Harðardóttir | Sveitarstjóri GOGG <gogg@gogg.is>; 'Iris@vestmannaeyjar.is'; 'Jón Valgeirsson' <jon@fludir.is>; 'Kristófer A. Tómasson' <kristofer@skeidgnup.is>; 'ellidi@olfus.is'; 'valtyr@asahreppur.is' <valtyr@asahreppur.is>; Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>; 'gislih@arborg.is' <gislih@arborg.is>; 'matthildur@hornafjordur.is' <matthildur@hornafjordur.is>
Cc: Elísabet Björney Lárusdóttir <elisabet@bjorney.is>
Subject: Upplýsingar um úrgangsmál og meðferð úrgang á Suðurlandi ...

Ágætu bæjar- og sveitarstjórar.

Í viðhengi er erindi sem tengist vinnu SASS við áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands um úrgangsmál og meðferð úrgangs á Suðurlandi (stefnumörkun).

Stöðugreiningin byggir m.a. á upplýsingum frá sveitarfélögum um magn úrgangs og kostnaði við þjónustukaup vegna úrgangsmála og flokkun á sorpi. Markmiðið með þessari upplýsingaöflun er að fá yfirsýn yfir heildarkostnað málaflokksins sem grundvöll að framtíðarsýn og stefnu og við að samræma úrgangsflokkun á Suðurlandi.

Elísabet Björney Lárusdóttir, umhverfisfræðingur, hefur f.h. SASS umsjón með verkefninu.

Í viðhengi er eyðublað sem fylla þarf úr og best væri að fá sem fyrst svar við erindinu en lokafrestur er 11. apríl nk. Svör sendist á netfang hennar: elisabet@bjorney.is

Bestu kveðjur,

Bjarni Guðmundsson



Kæri sveitarstjóri/bæjarstjóri

Selfossi 15. mars 2019

Í samræmi við samþykkt á ársþingi SASS 2018 og ákvörðun stjórnar SASS og verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands, er vinna við áhersluverkefnið Úrgangsmál og meðferð úrgangs á Suðurlandi (stefnumörkun) hafin. Jafnframt hefur verið ákveðið að hluti af næstu Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024 verði umhverfis- og auðlindastefna fyrir Suðurland.

Verkefnisstjóri verkefnisins er Elísabet Björney Lárusdóttir, umhverfisfræðingur. Vinsamlegast sendið svarbréfið sem er í viðhengi beint til hennar á netfangið elisabet@bjorney.is

Framundan eru miklar breytingar í úrgangsmálum á Suðurlandi og er hætt við að kostnaður við málaflökkinn muni aukast mikið á næstunni. Á sama tíma hafa nýjar reglugerðir verið innleiddar hjá Evrópusambandinu sem byggja á hringrásahagkerfinu, þ.e. að horfið verði frá núverandi fyrirkomulagi úrgangsméðhöndlunar sem felur í sér urðun og brennslu í átt að meiri endurnotkun og endurnýtingu. Á grunni Evrópska efnahagssamningsins tekur Ísland við regluverkinu frá ESB og innleiðir í sitt regluverk, þannig að stefnur og breytingar á lagaumhverfi ESB hafa bein áhrif á stefnu og breytingar á lagaumhverfi Íslands.

Markmið ESB fela í sér að lífrænn úrgangur eigi að vera flokkaður í sveitarfélögum fyrir árið 2023 og endurvinnsla af öllum úrgangi verði 65% fyrir árið 2035. Jafnframt hafi verið sett bindandi markmið um að urðun sveitarfélaga megi ekki fara umfram 10% af úrgangi sveitarfélaga á því ári. Þetta hefur í för með sér að svigrúm til brennslu megi að hámarki vera 35% af heildarúrgangi sveitarfélaga, 25% ef sveitarfélög nýta áfram urðun, og sýnir því glöggst hver framtíðin verður hjá ESB. Þetta þýðir ennfremur að til að ná þessum markmiðum munu álögur á urðun og brennslu aukast til að beina sveitarfélögum í áttina að meiri endurvinnslu og endurnotkun. Framtíðin liggur því þar.

Í ljósi þessara staðreynda er mjög mikilvægt að landshlutinn leggist á eitt í stefnumörkun fyrir málaflökkinn. Sem liður í því ferli verður sett af stað stöðumatsgreining á úrgangsmálum á Suðurlandi.

Stöðumatsgreiningin á að byggjast á annarsvegar upplýsingum um magn úrgangs og kostnaði við þjónustukaup vegna úrgangsmála annars vegar og flokkun hins vegar. Markmiðið með þessari upplýsingaöflun er að fá yfirsýn yfir heildarkostnað málaflöksins sem grundvöll að framtíðarsýn og stefnu og við að samræma úrgangsflokkun á Suðurlandi.



Óskað er eftir upplýsingum um eftirfarandi, sbr. eyðublað í viðhengi:

- Vinsamlegast tilnefnið tengilið frá ykkur við Elísabetu.
- Vinsamlegast sendið Elísabetu upplýsingar um hver er og hefur verið þjónustuaðili sorhirðu hjá ykkur síðastliðin 10 ár. Jafnframt að sveitarfélagið samþykki að Elísabet hafi heimild sveitarstjórnar til að hafa samband við viðkomandi þjónustuaðila til að fá upplýsingar um úrganginn hjá ykkur, þ.m.t. um magn og kostnað við þjónustukaupin.
- Vinsamlegast tilgreinið lit á sorptunnum og tekjur og gjöld sveitarfélagsins tengd málaflokknum á síðustu árum, sbr. viðhengi.

Vinsamlegast svarið erindinu sem fyrst eða eigi síðar en 11. apríl 2019.

Ef spurningar vakna er hægt að hafa samband við verkefnisstjóra verkefnisins, Elísabetu í síma 695-3003 eða með því að senda póst netfangið elisabet@bjorney.is og öll gögn eiga að berast til hennar.

Með bestu kveðju og fyrirfram þökkum,

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri SASS

Elísabet Björney Lárusdóttir,
umhverfisfræðingur og verkefnisstjóri



Nafn sveitarfélags: _____

Tengiliður sveitarfélags: _____

A. Þjónustuaðili sorphirðu: _____ Árabil: _____

Ef breyting hefur orðið á sl. tíu árum:

B. Þjónustuaðili sorphirðu: _____ Árabil: _____

Ef breyting hefur orðið á sl. tíu árum:

C. Þjónustuaðili sorphirðu: _____ Árabil: _____

Hér með staðfestist að Elísabet Björney Lárusdóttir hefur heimild ofangreinds sveitarfélagsins til að afla upplýsinga hjá framangreindum þjónustuaðilum í tengslum við áhersluverkefni um úrgangsmál.

Flokkun:

Tegund úrgangs	Litur á tunnu
Almennt sorp	
Pappír	
Plast	
Lífrænn úrgangur	
Annað?	

Rekstur málaflokksins skv. ársreikningi:

Rekstur úrgangsmála	Tekjur	Gjöld	Rekstrarniðurstaða
2008			
2009			
2010			
2011			
2012			
2013			
2014			
2015			
2016			
2017			
2018			
2019 (áætlun)			

Vinsamlegast sendið þessa svarsíðu á netfangið elisabet@bjorney.is fyrir 11. apríl nk.

Vakni spurningar er hægt að ná á Elísabetu í síma 695-3003.